



Kópavogi, 24. ágúst 2021

Greinargerð með tillögu að vernd meirihluta í drögum um nýjar samþykktir um heilbrigðiseftirlit

Efni: Tillaga að viðbót við drög að nýjum samþykktum um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

Í drögum að nýjum samþykktum um heilbrigðiseftirlit er komin ný tillaga bæjarritara Kópavogsbæjar um vernd meirihluta. Viðbót þessi kveður á um vernd tveggja stærstu sveitarfélaganna við afgreiðslu mála þar sem nú segir í 3. mgr. 2. gr. (2.3.) að „þrátt fyrir ákvæði 2.2. hér að ofan þá er nefndinni óheimilt að taka ákvarðanir um afgreiðslu mála nema að undangengnu samþykki fulltrúa Kópavogsbæjar eða Hafnarfjarðar, eða varamanna þeirra. Meirihluti atkvæða við afgreiðslu mála ræður því einungis ef Kópavogsbær eða Hafnarfjörður eru þátttakendur í meirihluta niðurstöðu viðkomandi máls. Rökin fyrir þessu má skírskota til stærðargráðu sveitarfélaganna og þeirra greiðslna og tekna sem endurspeglast í íbúafjölda, sbr. 7. gr. samþykktanna. Réttlátt þykir því og eðlilegt að Kópavogsbær og Hafnarfjörður hafi ákveðið neitunarvald við afgreiðslu mála.

Virðingarfyllst,

f.h. Kópavogsbæjar
Pálmi Þór Músson
Bæjarritari